

Hverfisráð Kjalarness

Ár 2015, fimmtudaginn 21. maí var haldinn 128. fundur hverfisráðs Kjalarness. Fundurinn hófst kl. 17:00 og var haldinn í Fólkvangi. Viðstödd voru Sigríður Pétursdóttir, formaður, Ólafur Þór Zoéga, Eldey Huld Jónsdóttir, Hafsteinn Númason og Baldvin Þór Grétarsson sem sat sem varamaður fyrir Guðfinnu Ármannsdóttur. Auk þeirra sátu fundinn Ragnheiður Ólöf Steingrimsdóttir og Andrea Dís Steinarsdóttir áheyrnfarfulltrúar ungmennafélags Kjalarness, Ingibjörg Sigurþórsdóttir, framkvæmdastjóri Miðgarðs og Margrét Richter, rekstrarstjóri Miðgarðs, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Strætósamgöngur – svar við erindi frá ungmennaráði og Hverfisráði Kjalarness. Kristín Soffía Jónsdóttir og Bryndís Haraldsdóttir frá Strætó komu inn undir þessum lið. Tillaga um pöntunarþjónustu var rædd. Þrjár ferðir, tvær á dagvinnutíma og ein ferð seinni part á virkum dögum til og frá Kjalarnes. Ráðið mun senda tillögu til Strætó varðandi tímasetningu á ferða óskum til og frá Mosfellsbæ.

Kristín og Bryndís fóru af fundi kl 17:40

2. Ungmennaráð Kjalarness lét vita af erindi sem sent var til skólayfirvalda er varðar lengri opnunartíma Sundlaugarinnar á Kjalarnesi og eins ósk þeirra um gúmmímottur við sundlaugina.

Ragnheiður og Andrea fóru af fundi kl 17:45

Ingibjörg fór af fundi kl 18:00

3. Gagnaver á Esjumelum. Óli Örn Eiríksson frá skrifstofu eigna og atvinnuþróunar kom inn undir þessum lið og kynnti breytingu og stækkun á skipulagi athafnasvæðis við Esjumel fyrir hugsanlegt gagnaver þar. Svæðið stækkar um 50 hektara en ekki er búið að ákveða hvort eða hvenær það verður nýtt.
4. Gámar í Grundahverfi. Lagt var fram svar frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar varðandi beiðni hverfisráðsins um að fá aukagáma í kringum hreinsunardaga, en beiðninni var hafnað.
5. Barnalundurinn. Ákveðið var að skipuleggja athöfn varðandi gróðursetningu í lundinum. Athöfnin verður mánudaginn 1. júní kl 10:00 og er hugsaður fyrir leikskóla og fyrstubekkinga í grunnskólanum. Samþykkt var að kaupa veitingar fyrir athöfnina innan við 10.000 kr.
6. Eftirfarandi fyrirspurn frá Hagsmunafélag Hestamanna á Kjalarnesi var lögð fyrir :

Á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030 eru skilgreindir reiðvegir á Kjalarnesi og hesthúsahverfi. Hver er staða þessara verkefna hjá Reykjavíkurborg. Stendur yfir einhver undirbúningur að opnun þessara reiðvega og hesthúsakerfisins og þá hverjar eru tímaáætlinir og hverjir eru verkefnastjóri/ar?

Fyrirspurnin verður send áfram til umhverfis- og skipulagssviðs.

Fundi slitið kl. 18:50

Sigríður Pétursdóttir, formaður

Ólafur Þór Zoéga
Eldey Huld Jónsdóttir

Hafsteinn Númason
Baldur Þór Grétarsson